# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingum á áður staðfestu aðalskipulagi Dalvíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 24. september 1987 staðfest þær breytingar á aðalskipulagi Dalvíkur að skíðasvæðið í Böggvisstaðafjalli tengist byggðinni með götu sem kemur í framhaldi af Mímisvegi á milli íbúðasvæðanna þar sem átti að vera opið svæði og í stað græns opins svæðis austan Skíðabrautar við gatnamót við Mýrargötu verði lóð fyrir verslun og þjónustu.

Þessar breytingar hafa hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktar af bæjarstjórn Dalvíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

*Fjármálaráðuneytið, 29. september 1987.*

F.h.r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*